

Fimmtudaginn 10. maí 1984.

Nr. 68/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Hinn kærða úrskurð kvað upp Klemenx Eggertsson, fulltrúi sýslumanns í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. tölulið 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl 1984, er barst Hæstarétti 11. s.m., í því skyni, að hann verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber þá niðurstöðu hins kærða úrskurðar, að heimil hafi verið leit að varnaraðilja í húsakynnum hennar í því skyni að handtaka hana, með því að hún, svo sem gögn máls bera með sér, sinni ekki kvaðningu um að koma fyrir sakadóm, sbr. 49. og 59. gr. laga nr. 74/1974, 18. gr. laga nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968 og 7. gr. laga nr. 75/1982. Þá ber einnig að staðfesta þau málalok, sbr. 48. gr., 1. mgr., laga nr. 74/1974, sbr. og 18. gr. laga nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968 og 7. gr. laga nr. 75/1982, að heimil hafi verið leit að alifuglum í húsakynnum þeim á bæ varnaraðilja, er greinir í úrskurðinum, í því skyni að leggja hald á þá, en eigi er dæmt í máli þessu um eftirfarandi lögregluaðgerðir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður um leit að varnaraðilja í því skyni að handtaka hana og um leit að alifuglum, er þar greinir, í því skyni að leggja hald á þá.

Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 6. apríl 1984.

Í kröfu lögreglustjóra Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um húsleit í húsakynnum á bænum Barðastöðum, Staðarsveit, og handtöku á Guðrúnu Halldórsdóttur segir svo:

„Hinn 17. janúar sl. fór Rúnar Gíslason, héraðsdýralæknir að bænum Barðastöðum, Staðarsveit, til að líta eftir aðbúnaði alifugla á bænum, að beiðni Jónannesar Árnasonar, sýslumanns.“

Í skýrslu héraðsdýralæknis, dags. 15. mars sl. segir svo:

„Öll aðkoma á bænum var hroðaleg. Bóndinn, Ellert Guðmundsson hafði m.a. ætlað að koma upp alifuglabúi. Í því skyni keypti hann útungunarvél og er kominn með talsverðan fjölda af fuglum (öndum, hænum, kalkúnum og gæsum). Elstu fuglarnir voru án húsaskjóls, en gátu að hluta hím undir þaki fjárhúsrústa.

Saman gengu mjög misstórir fulgar (fullorðnar gæsir með stálpuðum hænu- og andarungum). Fóður var bersýnilega naumt skammtað og dýrin mjög misgengin. Mikill hluti þeirra var afar illa haldinn, grindhóraður, blautur og skjálfandi úr kulda.

Inni í íbúðarhúsi voru ungar og yngri fuglar ásamt 5 kalkúnum og fáeinum kanínum. Einnig þar var aðbúnaði mjög ábótavant, auk þess sem íbúðarhús er engan veginn rétti staðurinn til fuglauppeldis, bæði hvað varðar almennt hreinlæti og sóttvarnir. Loftræsting var alls staðar afar léleg og hvorki hafði verið borið undir fuglana, né hreinsað frá þeim. Kalkúnarnir voru sér í litlu og loftlausu herbergi á efri hæð. Á þeirri hæð voru einnig stálpaðir hænuungar við mikil þrengsli og geysilegan sóðaskap. Á neðri hæð voru ungar í einu herbergi (mest andarungar). Einnig þar voru þrengsli og sóðaskapur mjög mikill og loftræsting sáralítill. Á gólfi á gangi efri hæðar voru nokkrar kanínur í búrum.

Ellerti var gefinn einnar viku frestur til að koma fullorðnu fuglunum í hús og bæta hirðingu og fóðrun allra dýra sinn, þannig að viðunandi mætti teljast. Átti hann að nota þann hluta af fjárhúsum staðarins sem Narfi Kristjánsson bóndi að Hoftúnum hafði hjálpað honum að einangra. Áður var nauðsynlegt að tína lauslegt rusl út úr húsinu og bera það eða annað á gólfið ofan á klaka, sem þar var.“

Síðan hefur héraðsdýralæknir farið af og til að Barðastöðum til skoðunar á fuglunum, síðast hinn 28. mars sl., ásamt Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, Ingólfi Ingvarssyni yfirlögregluþjóni og Gunnari Bjarnasyni hreppstjóra.

Hafði þá ekkert verið gert til að bæta aðbúnað og hirðingu fuglanna að öðru leyti en því, að fjárhúsið, sem að framan greinir, hafði verið tekið í notkun.

Hefur héraðsdýralæknir lýst sig samþykkan förgun alls kvikfénaðar á bænum.

Sendir voru fuglar til krufningar að rannsóknastöðinni að Keldum. Niðurstaða krufningarskýrslu yfirdýralæknis segir, að hor hafi orðið fugl-

unum að aldurtíla, að því er virtist af vanfóðrun, þar sem ekki fundust einkenni um sjúklegar breytingar við krufningu.

Hinn 15. mars sl. fór Kristófer Þorleifsson héraðslæknir að Barðastöðum að tilmælum sýslumanns varðandi óþrífnað og sóðaskap á bænum.

Þann 23. mars sl. var hafin við embætti sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu opinber rannsókn vegna ætlaðs brots Ellerts Guðmundssonar, f. 1/6 1927, til heimilis að Barðastöðum, á lögum um dýravernd.

Í yfirheyrslum fyrir lögreglu og fyrir sakadómi þann dag kvaðst kærði Ellert vera vinnumaður á bænum, en bóndinn væri Guðrún Halldórsdóttir.

Kærða Guðrún hefur verið boðuð fyrir sakadóm, en hefur ekki sinnt kvaðningu, sbr. lögregluskýrslu, dags. 2. þ.m.

Þykja fram komnar sterkar grunsemdir, að kærðu, Ellert Guðmundsson og Guðrún Halldórsdóttir, hafi gerst brotleg um stórfellt og ítrekuð brot á 1. og 2. gr. laga um dýravernd nr. 21. 1957.

Tekið skal fram, að kærðu hafa fengið frest frá því í janúar sl. til úrbóta varðandi húsakost og allan aðbúnað og hirðingu fuglanna, er gæti samrýmst ákvæðum dýraverndunarlaga.

Allri hirðingu og aðbúnaði fuglanna á bænum er stórkostlega áfátt og brýn nauðsyn til aðgerða, svo komið verði í veg fyrir frekara kvalræði fuglanna.

Í gærðag neituðu kærðu fulltrúa lögreglustjóra og héraðsdýralækninum í Dalasýslu um aðgang að útihúsum til skoðunar á alifuglunum.

Ekki var annað að sjá en endurnar á bænum hefðu verið fluttar þaðan, en hænurnar voru þar enn. Stóðu dyr að hæsnahúsinu opnar, og var hroðalegt þar inn að líta.

Aðspurð neituðu kærðu að gefa upplýsingar um, hvar endurnar væru niður komnar.

Er komið var að bænum í dag, stóð kærði, Ellert í miðri heimreiðinni að bænum.

Aðspurður sagði hann kærðu, Guðrúnu Halldórsdóttur, bónda, ekki heima og væri hún flutt að Bakkavöllum, Hvolshreppi, Rangárvallasýslu, og bæri að senda málið til sýslumanns þar.

Síðan gerði kærði Ellert tilraun til að hindra fulltrúa lögreglustjóra í að fara heim að bænum, og var hann þá handtekinn.

Enginn kom til dyra, er knúið var ítrekað dyra að íbúðarhúsinu að Barðastöðum.

Sterkur grunur er um, að kærða Guðrún sé innan dyra í bænum.

Með skírskotun til þess, sem að ofan greinir, og með vísan til 49. og 59. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka ofangreinda kröfu lögreglustjórans í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til greina og heimila leit í húskynnum að bænum Barðastöðum í Staðarsveit og handtekin verði Guðrún Halldórs-

dóttir, sem þar er talin vera. Jafnframt heimilast með vísan til 48. gr. laga nr. 74/1974 leit í húsakynnum, þ.m.t. útihúsum á bænum, að alifuglum, sem þar kunna að finnast, og leggja hald á.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Leit skal fara fram í húsakynnum, þar með töldum útihúsum, á bænum Barðastöðum, Staðarsveit, og handtaka þar Guðrún Halldórsdóttur.

Ennfremur má leit fram fara á sama stað að alifuglum, sem þar eru, og hald leggja á.

Þriðjudaginn 15. maí 1984.

Nr. 129/1982. **Sigurjón Ari Sigurjónsson**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Eiríki Tómassyni skiptastjóra

f.h. þrotabús Þryms h/f

og Ragnari Halldóri Hall skiptaráðanda

í Reykjavík

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Gjaldprotaskipti. Kaupkrafa. Forgangskrafa. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 30. apríl 1981. Með dómi Hæstaréttar 6. júní 1983 var málinu vísað frá Hæstarétti. Því var áfrýjað að nýju með stefnu 28. júní 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Krefst áfrýjandi þess, að krafa sín að fjárhæð 27.058.50 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa í